

Innleiðing leiðsagnarnáms í MS – 2022 - 2023

Skólaárið 2022 – 2023 voru 17 kennarar virkir í starfshópi um innleiðingu leiðsagnarnáms undir handleiðslu Rannveigar Ólafsdóttur verkefnisstjóra.

Hópurinn fundaði níu sinnum á skólaárinu og hélt úti PADLET vegg þar sem nám og umræður fóru fram. Fimm fundir voru haldnir fyrir áramót og þrír eftir áramót. Gestafyrirlesari frá FMOS kom á einn fund hópsins í mars og einnig var haldinn sameiginlegur fundur með starfendarannsóknarhópi MS þar sem nokkrir þátttakendur úr báðum hópum kynntu verkefni sín. Loks héldu starfshóparnir tveir sameiginlegar Menntabúðir þann 17. maí 2023.

Starfið á skólaárinu var byggt upp samkvæmt rannsóknum um innleiðingu leiðsagnarnáms eins og það birtist í grein eftir Dylan Wiliam en þar er eftirfarandi ráðlagt til að sem bestur árangur náist við innleiðingu leiðsagnarnáms í kennslu: *Hlutverk verkefnisstjóra er að halda utan um starfið en ekki kenna. Mikilvægt er að hópurinn hjálpist að við að þróa hugmyndir. Það er ekki einhver einn sérfræðingur sem segir nákvæmlega hvað eigi að gera og hvernig. Hver og einn kemur með mótaðar hugmyndir um það sem hann vill þróa og fær aðstoð hópsins til að útfæra þær. Stjórnendur eiga að styðja við starfið en stýra því ekki. Ekki einn sérfræðingur sem allt veit*

Einnig var stuðst við bók Nönnu Kristínar, *Leiðsagnarnám: Hvers vegna, hvernig, hvað?* og fengu allir það verkefni að kynna vissa hluta í bókinni sem við höfðum að leiðarljósi. Kynningarnar voru settar á padlet vegg hópsins. Einnig settu námsfélagarnir aðgerðaráætlanir sínar á vegginn en allir áttu að gera slíka áætlun í upphafi. Námsfélagar fengu launabrep fyrir að taka þátt í leiðsagnarnáminu og því var mikilvægt að þeir tækju þátt í starfi hópsins og skiluðu afrakstri vetrarins á Menntabúðum.

Rannveig verkefnisstjóri kynnti starf leiðsagnarnámshópsins fyrir erlendum gestum sem heimsóttu MS og voru þeir mjög áhugasamir um starf okkar. Er það mat verkefnastjóra að starfið hafi heppnast mjög vel og létu námsfélagarnir í hópnum vel af starfinu ásamt öðrum. Almennt var talið að skipulagið hafi verið gott og vel haldið utan um hópinn. Veturinn 2022-2023 sat Rannveig verkefnisstjóri einnig námskeið hjá Menntafléttunni um leiðsagnarnám og námskraft nemenda sem var afar gagnlegt fyrir til að efla hana í hlutverki verkefnastjóra yfir innleiðingu leiðsagnarnáms.